

Fyrsti fundur Gammadeildar 15. febrúar 2022

Mixtúra hjá Nýsköpunarsmiðju menntamála (NýMið)

Sköpunar- og upplýsingatækniver SFS

Stafræn og framsækin tækni í skóla- og frístundastarfi

Ritari: Hrefna Sigurjónsdóttir

Fyrsti fundur Gammadeildar árið 2022 fór fram 15. febrúar sl. en þá heimsóttum við Gammasystur okkar Bjarndísi Fjólu og samstarfskonur hennar í Mixtúru, hjá Nýsköpunarsmiðju menntamála (NýMið) hjá Reykjavíkurborg. NýMið hefur það hlutverk að veita starfsstöðum skóla- og frístundassviðs Reykjavíkurborgar stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar, stuðla að samstarfi við háskóla um starfsþróun og veita stuðning við þróun og nýsköpun í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi í samstarfi við fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs, Miðju máls og læsis o.fl.

Auk Bjarndísar Fjólu tóku á móti okkur þær Hildur Ásta Viggósdóttir, verkefnastjóri starfrænna náms- og kennsluhátta og Þorbjörg Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri stafrænnar tækni og framþróunar. Þær hófu kynninguna á að kasta fram spurningu sem þær spyrja ávallt sjálfar sig í sínu starfi: Þegar nemendur okkar líta til baka eftir 20 ár hvað þakka þeir skólastjórunum/kennurunum/mér fyrir?

Þær hjá Mixtúru kalla sig kennsluráðgjafa. Þær halda námskeið, fara út í skóla og eru þar með námskeið en eru sífellt meira með námskeið á netinu fyrir starfsfólk skóla og nemendur. Mixtúra er ein af þessum tengingum frá skóla- og frístundasviði yfir í skólana í því gróskuverkefni sem borgin stendur fyrir. Markmiðið er að skapa flæði, búa til leiðbeiningar og koma þeim áfram og léttu þannig undir. Mixtúra er eins konar millistykki eða fjöltengi ef svo má segja. Þau aðstoða við að búa til stafræna skóla, ýmis fræðslutilboð og fleira.

Þær stöllur sögðust finna mikið fyrir hvað ný menntastefna veitir þeim mikinn stuðning í sinni vinnu. Nú er mikill blómatími í nýsköpun. Áhersla er lögð á að stafræn tækni í Menntastefnu Reykjavíkur veiti fjölbreytt tækifæri til sköpunar.

Þær eru sjö sem vinna í Mixtúru og eru með fjölbreyttan bakgrunn. Starf Mixtúru byggir allt á skýrri stefnu. Öll fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við starfsstaði SFS er snýr að stafrænni tækni tengist ákveðnum flokkum sem eru:

1. Búnaður
2. Þjónusta
3. Starfsþróun
4. Notkun
5. Framsækni
6. Miðlun

Þær sögðust sjá sífellt betur hvað miðlun skiptir miklu máli svo þekkingin tínist ekki.

Í Mixtúru er sköpunar- og tækniver (snillismiðja, Búnaðarbankinn, Legó herbergi, hljóð- og veruleikaherbergi, aðstoða til myndatöku, funda o.fl.). Hugmyndin er að Mixtúra sé með efni og dót miðlægt sem skólarnir geta fengið lánað, þaðan kemur nafnið Búnaðarbankinn. Oft kaupa skólarnir síðan það sem þeir hafa fengið lánað. Við Gammasystur fengum að skoða þetta allt saman eftir kynninguna og prófa alls konar tæki og tól. Mixtúra flutti í Mjóddina í sumar en nú er borgin búin að selja húsnæðið og því þarf að flytja aftur. Enn er óljóst hvert.

Vanalega er mikið af heimsóknum og samráð hjá Mixtúru í eðlilegu árferði, þegar ekki geisar heimsfaraldur. Skólastarfsmenn Reykjavíkurborgar hafa alltaf forgang en annars eru allir velkomnir, s.s. frá öðrum sveitarfélögum. Unnið hefur verið með öllum aldurshópum, alveg niður í leikskóla. Þetta hefur vakið mikla lukku og oft vilja krakkarnir eignast svona leikföng, tæki og tól. Áhuginn smitar út frá sér og heimsóknin getur verið kveikja að einhverju meira.

Þær Mixtúrukonur sögðu sögu af kínversku barni sem var nýkomið í leikskóla á Íslandi frá Kína. Kunni ekki íslensku og grét og grét. Þegar þær komu með „lirfuna“ sem er sniðugt og skapandi leikfang inn á leikskólann var hann fljótur að læra á það og skilja og gat þannig átt samskipti við hina krakkana, leið betur og fékk sinn sess. Þetta inngrip auðveldaði barninu að aðlagast.

Talað var um hvað kennarar væru í raun heppnir að þurfa að tileinka sér alla mögulega tækni og setja sig inn í nýja hluti. Búa að því að mörgu leyti. Tækin gera ekki neitt, það eru fagaðilarnir úti í skólunum. En tækin styðja og veita fleiri stoðir og tækifæri í skólastarfinu. Ýmsar stafrænar stoðir í einstaklingsmiðuðu námi eru sem dæmi aðgengi að hljóðbókum og rafrænum kennslubókum, talgervlar, raddinnsláttur, þýðingar, myndræn skilaboð og stundaskrár, stafagerðir og fleira. Það býður upp á meiri **jöfnuð** í skólaumhverfinu, fjölbreytt og skapandi starf. Mikil ánægja er með þennan búnað og jöfnuðurinn er þeim einna kærastur. Framtíðarsýnin er sú að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Að kynningu lokinni skapaðist umræða um fjölbreytta kennslu með tækninni, t.d. ípadar í útikennslu. Gagnrýnar spurningar komu fram um jafnvægi í tækninotkun, grunnurinn þarf að vera í lagi – lestur, skrift, læsi o.s.frv. Við þurfum alltaf að hugsa: „Af hverju ætla ég að gera þetta með þeim? Af hverju er þetta sniðugt? Hvert er markmiðið.“ Mantran er að þessi tæki og tækni eru notuð í kennslufræðilegum tilgangi (ekki eitthvert „appafylleri“) heldur vinna þetta út frá þekkingunni og kennslufræðinni.

Eftir skoðunarferð um rýmið fór fram manntal. Þar sem áhugi var mikill á að skoða starfsemina gaumgæfilega eftir skemmtilega kynninguteygðist heimsóknin á langinn, ákveðið var að fresta lestri fundargerðar síðasta fundar (jólafundar) til betri tíma. Þeim Mixtúrukonum voru færðar kærar þakkir og afhent blóm að lokum.